

Fundargerð



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps.

17. fundur.

að Hlíðavegi 6, fimmtudaginn 24. mars 2011, kl. 13:30.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Erindi frá sýslumanni þar sem óskað eru umsagnar sveitarstjórnar á endurnýjuðu rekstrarleyfi til handa Péttri Snæbjörnssyni f.h. Reynihlíðar hf.
3. Styrkbeiðni frá Laufeyju Sigurðardóttur vegna tónlistarhátíðarinnar Músík í Mývatnssveit.
4. Umsókn um lán úr Skútusjóði.
5. Fundargerð samráðsfundar um friðlýsingu Gjástykkis dags. 11. mars.
6. Bréf frá Félagi ísl. hjúkrunarfr. f.h. Soffíu Önnu Steinarsdóttur framkvstj. DA. vegna kröfu um greiðslu bakvakta.
7. Fundargerð Bygginganefndar dags. 23. mars.
8. Erindi frá Jóhanni Gestssyni.

Til kynningar:

Fundargerð stjórnar Sambands ísl. sveitarfél. dags. 25. feb.

Bréf Umhverfisstofnunarinnar dags. 28. feb.

Fundargerð stjórnar DA dags. 1. mars.

Fundargerð Heilbrigðisnefndar Norðurlandssv. eystra dags. 9. mars.

Mættir: Dagbjört Bjarnadóttir, Böðvar Pétursson, Birgir Steingrímsson, Friðrik Jakobsson, Jóhanna Njálisdóttir.

1. Fundarsetning.

Oddviti setti fund og óskaði eftir að máli 7 og 8, yrði bætt á dagskrána. Samþykkt samhljóða.

2. Erindi frá sýslumanni þar sem óskað er umsagnar sveitarstjórnar á endurnýjuðu rekstrarleyfi til handa Pétri Snæbjörnssyni f.h. Reynihlíðar hf.

Með bréfi dags. 1. mars er óskað umsagnar sveitarstjórnar á endurnýjuðu rekstrarleyfi til handa Pétri Snæbjörnssyni f.h. Hótel Reynihlíðar hf, til sölu gistingar og/eða veitingu veitinga. Gististaður flokkur V. Veitingastaður flokkur III.

Sveitarstjórn samþykkir umbeðið leyfi fyrir sitt leyti.

3. Styrkbeiðni frá Laufeyju Sigurðardóttur vegna tónlistarhátíðarinnar Músík í Mývatnssveit.

Með bréfi dags. 4. mars óskar Laufey Sigurðardóttir eftir styrk til að halda tónlistarhátíðina Músík í Mývatnssveit. Þetta eru þrettánda páskarnir sem hátíðin er haldin og venju samkvæmt eru tvennir tónleikar, á skírdag í Skjólbrekkur og í Reykjahlíðarkirkju á föstudaginn langa.

Sveitarstjórn samþykkir að styrkja verkefnið um kr. 50. 000,-

4. Umsókn um lán úr Skútusjóði.

Með bréfi óskar Árný Hulda Sæmundsdóttir eftir láni úr Skútustjóði til kaupa á íbúðarhúsinu að Skútahrauni 19.

Sveitarstjórn samþykkir að verða við erindinu.

5. Fundargerð samráðsfundar um friðlýsingu Gjástykkis dags. 11. mars.

Í sautjándra lið fundargerðar þriðja samráðsfundar um friðlýsingu Gjástykkis er óskað eftir skriflegri afstöðu sveitarstjórna Þingeyjarsveitar, Norðurþings og Skútustaðahrepps til friðlýsingarinnar. Leitað hafði verið eftir afstöðu umhverfisráðuneytisins til þess hvort ekki væri hægt að fara bil beggja þ.e. friðlýsa hluta svæðisins en því hafnaði ráðuneytið alfarið og telur sveitarstjórn það miður.

Í því ljósi hafnar sveitarstjórn Skútustaðahrepps boðaðri friðlýsingu Gjástykkis og vísar til staðfests Svæðisskipulags háhitasvæðanna í Þingeyjarsýslum 2007-2025, þar sem fram kemur að Gjástykki er síðast í nýtingarröð af þeim virkjunarkostum sem þar eru upptaldir.

6. Bréf frá Félagi ísl. hjúkrunarfr. f.h. Soffíu Önnu Steinarsdóttur framkvstj. DA. vegna kröfu um greiðslu bakvakta.

Sveitarstjóri sem jafnframt situr í stjórn Dvalarheimilis aldraðra á Húsavík kynnti bréf frá Félagi ísl. hjúkrunarfræðinga vegna framkominnar kröfu framkvæmdastjórans um greiðslu fyrir bakvaktir aftur til ársins 2007.

Sveitarstjóri telur að ekkert í ráðningarsamningi viðkomandi, réttlæti kröfuna.

Aðildarsveitarfélög Hvamms eru fjárhagslega ábyrg fyrir rekstri heimilisins og

Því beinir sveitarstjórn þeim tilmælum til stjórnar DA að hafna alfarið kröfu framkvæmdastjórans enda engar forsendur fyrir henni.

7. Fundargerð Bygginganefndar dags. 23. mars.

Eftirfarandi liðir eiga við um Skútustaðahrepp.

Liður 2.

201103047 – Erindi frá Fuglasafni Sigurgeirs ses. Mývatnssveit

Pétur Bjarni Gíslason f.h. Fuglasafns Sigurgeirs ses. sækir um byggingarleyfi fyrir viðbyggingu við safnið að Ytri-Neslöndum. Um er að ræða 19,3 m² geymslu og verður útlit í samræmi við fyrra hús. Teikningar eru unnar af Manfreð Vilhjálmsyni arkitekt.

Byggingarnefnd frestar afgreiðslu málsins þar til fullnægjandi teikningar hafa borist.

Liður 3.

201101068 - Erindi frá Kristínu Jónsdóttur, Álftagerði 1, Mývatnssveit

Jónas Gestsson f.h. Kristínar Jónsdóttur sækir um leyfi til breytinga á íbúðarhúsi hennar að Álftagerði 1, Mývatnssveit og leyfi til að byggja garðhús við íbúðarhúsið. Um er að ræða að setja hurð í stað glugga á austurhlið og byggja 10 m² garðhús, bjálkahús frá Húsasmiðjunni, skammt frá íbúðarhúsinu.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

Liður 4.

201006006 – Erindi frá Ferðafélagi Akureyrar

Pröstur Sigurðsson f.h. Ferðafélags Akureyrar sækir um byggingarleyfi fyrir geymslugám við hlið landvarðahúss við Drekgil í Dyngjuflöllum. Stöðuleyfi fyrir gáminn var samþykkt í apríl 2010 en byggingarleyfi frestað í júlí 2010. Gámurinn er úr stáli 16,7 m² og verður klæddur utan með timbri og reist á hann risþak. Teikningar eru unnar af Þresti Sigurðssyni á Opus ehf.

Byggingarnefnd hafnar erindinu þar sem húsið er ekki í samræmi við samþykkt deiliskipulag.

Liður 5.

201103059 – Erindi frá Örnunni Jakobínu Björnsdóttur, Þverholti 7, Akureyri

Arna Jakobína Björnsdóttir sækir um endurnýjað byggingarleyfi fyrir frístundahús að Stöng 1 lóð, Mývatnssveit. Byggingarleyfi var samþykkt á fundi nefndarinnar 26.10.2007 en er nú útrunnið. Húsið er 64,7 m². Teikningar eru unnar af Þresti Sigurðssyni á Opus ehf.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

Liður 6.

201009010 – Erindi frá Pétri Snæbjörnssyni, Austurhlið, Mývatnssveit

Pétur Snæbjörnsson sækir um byggingarleyfi fyrir frístundahús að Birkilandi 14, Mývatnssveit. Húsið er timburhús á steiptum kjallara 144 m² að grunnfleti. Teikningar eru unnar af Haraldi S. Árnasyni á H.S.Á. teiknistofu.

Jafnframt er óskað eftir byggingarleyfi fyrir 20 m² gestahúsi á lóðinni. Fjallað var áður um erindið á fundi nefndarinnar 6.9.2010.

Byggingarnefnd samþykkir erindið á þeirri forsendu að sveitarstjórn Skútustaðahrepps hafi samþykkt breytingu á deiliskipulagi.

Liður 7.

201103061 – Erindi frá Geitey ehf. Mývatnssveit

Egill Olgeirsson f.h. Geiteyjar ehf. sækir um byggingarleyfi eða stöðuleyfi fyrir starfsmannahús að Geiteyjarströnd 1, á byggingarreit D skv. deiliskipulagstillögu. Húsið er 74 m² gámaeiningahús sem sett verður niður á steypa sökkla, klætt utan með timbri og með bárujárnsklæddu risþaki. Teikningar eru unnar af Per Langsøe Christensen arkitekt á Mannviti hf.

Byggingarnefnd vísar málinu til skipulagsnefndar þar sem ekki er í gildi deiliskipulag.

Liður 8.

201103062 – Erindi frá Þórhalli Kristjánssyni, Björk, Mývatnssveit

Þórhallur Kristjánsson sækir um byggingarleyfi eða stöðuleyfi fyrir starfsmannahús norðan við íbúðarhúsið að Björk, Mývatnssveit, skv. deiliskipulagstillögu. Húsið er 74 m² gámaeiningahús sem sett verður niður á steypa sökkla, klætt utan með timbri og með bárujárnsklæddu risþaki. Teikningar eru unnar af Per Langsøe Christensen arkitekt á Mannviti hf.

Byggingarnefnd vísar málinu til skipulagsnefndar þar sem ekki er í gildi deiliskipulag.

Liður 9.

201103001- Erindi frá Sýslumanninum á Húsavík

Sýslumaðurinn á Húsavík, ósk um umsögn vegna endurnýjunar leyfisveitinga til handa Pétri Snæbjörnssyni f.h. Reynihlíðar hf. Rekstrarleyfi / gististaður: flokkur V. Hótel Reynihlíð og Gamlibær.

Byggingarnefnd veitir jákvæða umsögn um erindið.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu Bygginganefndar á öllum liðum nema lið 4, sveitarstjórn frestar afgreiðslu á þeim lið.

8. Erindi frá Jóhanni Gestssyni.

Með bréfi óskar Jóhann Gestsson eftir heimild sveitarstjórnar til að breyta notkun á vélageymslu á jörðinni Álftagerði 4, í íbúðarhúsnæði. Jafnframt óskar hann eftir því að stofnaðar verði tvær lóðir á jörðinni, annars vegar lóð undir núverandi íbúðarhús og hins vegar lóð undir vélageymsluna. Þá er óskað eftir að lóðirnar verði teknar úr landbúnaðarnotum. Meðfylgjandi erindinu er kort sem sýnir hnitsetningu beggja lóðanna.

Sveitarstjórn samþykkir breytingu á notkun vélageymslunnar í íbúðarhús.

Sveitarstjórn samþykkir að stofnaðar verði tvær lóðir á jörðinni Álftagerði 4 og jafnframt að lóðirnar verði teknar úr landbúnaðarnotum.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Dagbjört Bjarnadóttir,
Böðvar Pétursson,
Birgir Steingrímsson,
Friðrik Jakobsson,
Jóhanna Njálsdóttir.